

## **Samþætt barátta. Verkalýðshreyfing og jafnaðarmenn á Ísafirði 1921 - 1945**

**Sigurður Pétursson**

Á Ísafirði náði verkalýðshreyfingin og jafnaðarmenn meirihluta í stjórn kaupstaðarins strax upp úr 1920 og hélt pólitískri forystu í bænum í aldarfjórðung.<sup>1</sup> Hér verður horft til þess, hvernig það gerðist og hvers vegna. Hverjar voru pólitískar áherslur jafnaðarmanna á Ísafirði og hver voru þau tæki sem notuð voru til að ná fram markmiðum þeim sem sett voru? Hvaða úrræðum var beitt og hvernig ríma þau við stefnumál jafnaðarmanna í Alþýðuflokknum á þessum tíma?

### **Hin umbótasinnaða verkalýðshreyfing**

Hér í byrjun er rétt að setja fram fullyrðingu: Íslensk sagnfræði hefur fram að þessu nær algerlega sniðgengið meginhreyfingu íslenskra jafnaðarmanna og verkalýðshreyfingar: Hina umbótasinnuðu verkalýðs- og stjórnsmálabaráttu Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins fram til 1942. – Meginstraumur verkalýðshreyfingarinnar var frá upphafi umbótasinnaður og starfaði á forsendum lýðræðisjafnaðarstefnu. Þessi hluti verkalýðshreyfingarinnar var ekki aðeins ráðandi á Ísafirði, heldur næstum öllum Vestfjörðum og einnig í Reykjavík, Hafnarfirði og víðar um landið. Hér verða aðstæður á Ísafirði til umræðu.

20. öldina má með sannri nefna öld fjöldans. Á 20. öld fékk allur almenningur smátt og smátt í sínar hendur þau réttindi sem frjálslyndi 19. aldar lagði grunninn að. Kosningaréttur hélst í hendur við skoðanafrelsi, prentfrelsi og félagafrelsi. Jafnframt var barist fyrir félagslegum og efnahagslegum réttindum til handa öllum almenningi og jöfnum rétti vinnufólks og verkafólks, karla og kvenna. Verkalýðshreyfingin og jafnaðarmenn áttu þar stóran hlut að máli.

Ísafjörður var annar stærsti kaupstaður landsins um aldamótin 1900. Næstu tíu ár gekk vélvæðing bátaflotans yfir. Hún breytti byggðamynstri á Vestfjörðum. Byggðin þéttist. Á Ísafirði fjölgaði íbúum úr 1200 í um 1900 eða um tvo þriðju á einum áratug. Margir sjálfstæðir útgerðarmenn tóku að gera út vélbáta, óháð stóru versluninum sem áður stjórnðu öllu lífi manna í plássinu. Fjölbreytnin jókst og möguleikarnir með.

Fyrsta verkalýðsfélagið var stofnað á Ísafirði 1906 í mikilli uppsveiflu (sama ár var Dagsbrún stofnuð í Reykjavík). Félagið á Ísafirði var skipað bæði körlum og konum, setti fram

---

<sup>1</sup> Fyrirlesturinn byggir á riti höfundar: Sigurður Pétursson. *Vindur í seglum. Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum 1. bindi 1890-1930. Ísafirði 2011.*

ákveðnar kröfur um styttingu vinnutíma og hærri laun og setti á verkstöðvun til að fylgja þeim eftir.

Atvinnurekendur höfnuðu öllum samningum og knésettu félagið á nokkrum vikum. Tíu ár liðu þar til aftur voru stofnuð verkalýðsfélög í bænum.

Á þeim tíma voru bæði góðtemplarareglan og iðnaðarmenn áberandi í bæjarlífinu. Góðtemplarareglan var öllum opin, bæði körlum og konum og öllum stéttum. Í henni öðlaðist margt alþýðufólk félagsreynslu og tók þátt í menningarstarfi, sem það hafði ekki möguleika á annars staðar. Iðnaðarmannafélagið vann að hagsmunamálum félagsmanna sinna bæði með samhjálp og með þátttöku í almennum framfaramálum. Bæði góðtemplarar og iðnaðarmenn tóku þátt í kosningum til bæjarstjórnar á Ísafirði eftir 1903.

Um sama leyti og sjö verkalýðsfélög í Reykjavík og Hafnarfirði stofnuðu Alþýðusamband Íslands og Alþýðuflokkinn undir merkjum jafnaðarstefnunnar voru Verkalýðfélagið Baldur og Sjómannafélag Ísfirðinga stofnuð á Ísafirði. Félögin náðu viðurkenningu að hluta til strax í byrjun, enda fóru þau sér hægt í kröfugerð. Nýstofnað verkakvænnafélag sem lagði út í verkfall árið 1917, til að ná fram betri kjörum sinna félagsmanna, mætti aftur á móti hvössum klóm atvinnurekenda, eins og séra Guðmundur Guðmundsson kallaði það í blaðinu *Nirði*. Félagið bar ekki sitt barr eftir það.

### **Rauði bærinn Ísafjörður**

Séra Guðmundur Guðmundsson var einmitt guðfaðir jafnaðarstefnunnar á Ísafirði. Hann var fyrrum prestur í Gufudalssveit, eldheitur bindindispostuli, blaðaútgefandi og framkvæmdastjóri Bökunarfélags Ísfirðinga (nokkurskonar Alþýðubrauðgerðar). Hann ásamt öðrum forystumönnum í góðtemplarareglunni, iðnaðarmannafélaginu og verkalýðsfélagunum, mynduðu saman andstöðuafli í bæjarmálum gegn fulltrúum stórverslana og betri borgara. Séra Guðmundur var liðsmaður Sjálfstæðisflokksins gamla, í þversumliðinu, sem studdu áður Skúla Thoroddsen. Þetta voru sömu öflin og kusu Jörund Brynjólfsson á þing í Reykjavík 1916 og náðu fyrsta verkamannasigrinum í bæjarstjórnarkosningum í höfuðstaðnum í janúar 1916. Þetta samstarf varð endasleppt í Reykjavík, en á Ísafirði voru böndin treyst og urðu til þess að jafnaðarmenn ásamt bandamönnum þeirra náðu meirihluta í bæjarstjórninni árið 1921 og héldu honum í 25 ár (að undanteknu einu ári 1934–1935, þegar pattstaða kom upp með fulltrúa kommúnista sem oddamann).

Þessi meirihluti byggði á stjórn málahefð, sem rekja má aftur til Skúla Thoroddsen og fylgismanna hans og andstöðu þeirra við stórverslanirnar í bænum. Hann byggði einnig á samtökum góðtemplara og iðnaðarmanna, sem tóku þátt í almennum málum og kosningum.

Hann byggði á ungum félögum verkakarla og háseta. Og að lokum byggði hinn sterki meirihluti á ungum forystumönnum, sem kynnst höfðu jafnaðarstefnunni og hugsjónum hennar. Það voru póstmeistarinn og héraðslæknirinn, Finnur Jónsson og Vilmundur Jónsson. Í janúar árið 1922 réði þessi breiðfylking jafnaðarmanna sjö mönnum af níu í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar.

Verkalýðsfélagin í bænum stóðu á sama tíma í mjög hörðum slag um tilvist sína. Hásetafélagið gerði verkfall í ársbyrjun 1920, til að ná fram viðurkenningu á samningsrétti félagsmanna sinna á vélbátunum. Hann náðist ekki. Verkfallinu var aflýst án þess að nokkuð næðist fram af kröfum sjómanna og sannarlega engin viðurkenning á félaginu. Það var kreppa í sjávarútveginum og laun sjómanna voru þvinguð niður.

Veturinn eftir, þegar jafnaðarmenn náðu fyrstu sigrum sínum í bæjarstjórnarkosningum, tóku atvinnurekendur í bænum að krefjast þess að verkamenn afneituðu verkalýðsfélaginu. Verkamenn voru neyddir til að ganga úr félaginu, til að halda vinnunni. Félagið breyttist í hálfgerð leynifélag, þegar hætt var að lesa upp úrsagnir eða inntökur á fundum. Og atvinnurekendur neituðu öllum samningum. Sama ár 1921–1922 sigruðu jafnaðarmenn í öllum kosningum til niðurfjöfnunarnefndar og bæjarstjórnar gegn framboði borgaraafllana.

Fyrstu verkalýðsfélagin á Vestfjörðum sofnuðu öll útaf, enda höfðu þau engan pólitískan bakhjarl. Félög háseta og verkamanna á Ísafirði knúðu fram viðurkenningu með pólitískum stuðningi Alþýðuflokksins eftir 1920.

Árið 1926 háði Verkalýðsfélagið Baldur harða verkfallsbaráttu. Þá voru konur jafnt sem karlar í félaginu. Baldur náði fram viðurkenningu á samningsrétti fyrir hönd félagsmanna og það sem meira var. Félagið náði fram kröfunni um forgangsrétt til allrar verkamannavinnu. Þá hafði bærinn beitt sér fyrir framkvæmdum, keypt upp bæjarlandið og stærstu hafskipabryggjuna og byggt nýtt sjúkrahús. Bærinn var því orðinn virkur aðili á vinnumarkaði, eins og sagt er núna.

Árið eftir voru 11 vélbátar auglýstir til sölu í bænum. Í janúar 1927, einmitt rétt fyrir bæjarstjórnarkosningar. Útibússtjóri Íslandsbanka, sem seldi bátana burt úr bænum, skrifaði grein þar sem hann réðst á meirihluta jafnaðarmanna í bænum og sagði þá grafa undan öllum atvinnurekstri í bænum. Talaði hann þar um að hæstlaunuðu embættismenn bæjarins þættust vinna fyrir verkafólkið, en væru í raun að leggja niður atvinnu þeirra.

Jafnaðarmenn brugðust við með því að stofna samvinnuútgerð og kaupa sjö stóra vélbáta til bæjarins næstu tvö árin. Samvinnufélagsbátarnir, eða Rússarnir, eins og þeir voru stundum kallaðir, voru stolt Ísafjarðar næstu árin. Samvinnufélagið var stærsta útgerðarfélag á Vestfjörðum og veitti stórum hópi sjómanna trygga atvinnu.

Þannig brugðust jafnaðarmenn við með samþættri hreyfingu stjórn mála og verkalýðshreyfingar. Þriðja stoðin fyrir utan kosningar og verkalýðshreyfinguna var svo Kaupfélag

Ísafirðinga, sem jafnaðarmenn stofnuðu árið 1920 og varð nokkrum árum síðar stærsta verslunin í bænum, með margháttaða starfsemi.

### **Hugsjónir í framkvæmd**

Jafnaðarmenn á Ísafirði fengu tækifæri til að vinna að markmiðum sínum um nýtt þjóðfélag, byggt á jafnrétti og bræðralagi. Þeir vissu að verkalyðshreyfing án pólitísku stuðnings eða bakhjarls var máttlaus. Og að kosningar einar og sér myndu ekki breyta samfélaginu, án baráttu verkalyðshreyfingar og að almenningur fengi yfirráð atvinnutækjanna í sínar hendur, með samvinnufélögum. Allt þetta var gert á Ísafirði eftir 1921. Forystumenn jafnaðarmanna náðu árangri, þeir skiluðu því sem þeir voru kosnir til. – Þegar kom að því að kommúnistar stofnuðu sinn eigin flokk í samkeppni við jafnaðarmenn árið 1930, má segja að þeir ættu ekki séns á Ísafirði.

Það var að vísu undantekning. Árið 1934 fengu kommúnistar einn bæjarfulltrúa af níu og komust í oddaðstöðu. Bæjarfulltrúi kommúnista var jafnmikið á móti jafnaðarmönnum, sem voru álitnir svikarar verkalyðsins og handbendi auðvaldsins, og kapítalistunum eða íhaldsmönnum í Sjálfstæðisflokknum. Fulltrúinn sat því hjá í öllum atkvæðagreiðslum, svo varpa varð hlutkesti um öll embætti og fleiri atriði í stjórn bæjarins. Þá var gripið til þess að setja sérstök lög um að kjósa á ný á Ísafirði, þar sem bærinn væri stjórnlaus. Alþýðuflokkurinn fékk aftur hreinan meirihluta og hélt honum til 1946.

Verkalyðshreyfingin á Vestfjörðum vann undir sama merki, þó að hvergi yrði hún jafnöflug og á Ísafirði. Sennilega hafa áhrif jafnaðarmanna hvergi verið eins mikil í einum landshluta eins og þegar Alþýðuflokkurinn fékk alla þrjá þingmenn Ísafjarðarsýslu árið 1937, Finn Jónsson í kaupstaðnum, Vilmund landlækni í norðursýslunni og Ásgeir Ásgeirsson í vestursýslunni.

Stundum heyrir sú bábilja að forystumenn jafnaðarmanna hafi ekki verið eins vel að sér í pólitískum kenningum og forystumenn kommúnista. Þá hafi vantað hina fræðilegu undirstöðu. Þetta er ein af þeim klisjum sem sagnaritun á vinstri vængnum hefur alið af sér. Ætla menn í alvöru að halda því fram að Vilmundur Jónsson og Finnur Jónsson hafi ekki þekkt til sögu verkalyðshreyfingarinnar eða stjórnmalakenninga sósíalískrar hreyfingar? Framganga þeirra og stefna, hvort heldur var í félagsmálum eða stjórnmalum ber þess einmitt skýr merki, að þeir þekktu vel til bæði fræðikenninga og reynslu jafnaðarmanna í öðrum löndum. Og það sem meira er, þeir fengu tækifæri til að láta verkin tala.

Ég vil nefna hér nokkur dæmi ákvarðanir sem jafnaðarmenn tóku á Ísafirði: Uppkaup á stórum lóðum og hafnarmannvirkjum í kaupstaðnum, sem áður voru í einkaeigu, stofnun

elliheimilis á vegum bæjarins, bygging sjúkrahúss, bygging og rekstur kúabús á vegum bæjarins, stofnun samvinnuútgerðar, stofnun niðursuðuverksmiðju og þátttaka í togaraútgerð. Allar þessar ráðstafanir sýna bæði pólitíska víðsýni og útsjónarsemi, þar sem saman fóru hugsjónir jafnaðarstefnunnar og raunhæfar lausnir sem miðuðust við aðstæður í kaupstað vestur á fjörðum og pólitískt ástand í landinu.

Meginstraumur verkalyðshreyfingarinnar á Íslandi var sama marki sett: Hún var umbótasinnuð og lýðræðissinnuð. Hún stefndi ekki að byltingu, heldur róttækum breytingum á samfélaginu. Félagslegum og efnahagslegum réttindum almennings. Og það var þannig sem þjóðfélagið þróaðist, þegar best lét. Með samvinnu verkalyðshreyfingar og stjórn málahreyfingar jafnaðarmanna.